

Nd.

70. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35 1. febr. 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Frá Jónasi Guðmundssyni.

Á eftir 1. gr. frumv. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala frumv. samkv. því.

Ríkisstjórninni heimilast að fela stjórn kreppulánasjóðs að lána það, sem eftir er af skuldabréfum kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem á síðastliðnu ári gátu ekki fengið fullnægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum, svo og þeim bæjar- og sveitarfélögum, er leitast hafa fyrir um lán úr sjóðnum síðan hann lauk starfsemi sinni, og þeim öðrum, er við kunna að bætast, meðan féð hrekkur.

Meðan lánveitingar þessar fara fram skal stjórn sjóðsins skipuð eins og segir í 1. mgr. 15. gr. 1. nr. 35 1936, og skal þeim lokið eigi síðar en 1. júlí 1937.